



Starfsskýrsla KFR 2014

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 26. febrúar og fór hann fram samkvæmt venjulegum aðalfundarstörfum.

Í stjórn félagsins sitja nú:

Formaður:	Auður Erla Logadóttir
Gjaldkeri:	Sigprúður Jórunn Tómasdóttir
Ritari:	Rósa Hlín Óskarsdóttir
Meðstjórnandi:	Jón Þorberg Steindórsson
Meðstjórnandi:	Friðrik Sölvi Þórarinsson
Varastjórn:	Tinna Erlingsdóttir
Varastjórn:	Ásgeir Jónsson

Heimasíða: kfrang.is

Facebook: Knattspyrnufélag Rangæinga.

Þjálfarar hjá félaginu 2014 voru þeir; Lárus Viðar Stefánsson, Ólafur Örn Oddsson, Þórður Vilberg Guðmundsson, Andri Freyr Björnsson, Karítas Tómasdóttir og Guðmundur Garðar Sigfússon mfl. Framkvæmdarstjóri var Ólafur Örn Oddsson.

Samstarf okkar við ÍBV hefur gengið vel og hafa allir okkar iðkendur fengið tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli. Keppt var í öllum yngri flokkunum 7.-3.flokki. undir merkjum ÍBV. Keppt var á Íslandsmóti, Faxaflóamóti, Hnátumóti, Shellmóti í Vestmannaeyjum, Pæjumóti TM í Vestmannaeyjum, Síamóti Breiðabliks í Kópavogi, N1 móti á Akureyri, Norðurálmóti á Akranesi, Olísmóti á Selfossi, Rey-Cup í Reykjavík, Vís móti í Reykjavík og á fleiri minni mótum. 3. flokkur kk. og kvk. fóru á Gothia Cup sem haldið var í Gautaborg og skemmtu sér konunglega.

Uppskeruhátíð yngri flokkanna fór fram í íþróttahúsinu á Hellu, 30. september og þar var rifjað upp liðið knattspyrnutímabil yfir pizzuveislu og kaffiveitingum. Þjálfarar afhentu öllum iðkendum í 7. og 6 flokki viðurkenningu fyrir að hafa stundað íþróttina. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir bestu framfarir og ástundun í eldri flokkum og valdir bestu leikmennirnir í 3. flokki kk. og kvk. Á hátíðina mættu rúmlega 150 manns.

Mig langar í lokin að þakka okkar helstu stuðningsaðilum; Rangárþingi Eystra, Rangárþingi Ytra, Sláturfélagi Suðurlands, Hestheimum, Landsbankanum og Búaðföngum. Öllum þeim sem komu að sjálfbóðaliðastarfi félagsins færi ég hinar bestu þakkir.

f.h. stjórnar KFR

Auður Erla Logadóttir formaður.